

**Sp.**

**84. Tillaga til þingsályktunar**

[50. mál]

um innflutning ávaxta.

Flm. Jónas Árnason, Sigurður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast um, að innflutningur nýrra og þurrkaðra ávaxta verði aukinn svo og skipulagður, að landsmenn eigi ávallt kost á einhverjum, og helst sem flestum, tegundum þeirra. Jafnframt er ríkisstjórninni falið að gera með leyfisveitingum ráðstafanir til, að nýir ávextir séu keyptir í þeim löndum og á þeim árstímum, þegar varan er góð, og tryggja, að innflytjendur flytji vöruna í kælrúmi á skipum og geymi birgðir, sem ekki á að nota strax, í öruggum geymslum hér á landi.

**Greinargerð.**

Tillaga þessi er að mestu samhljóða tillögu, sem samþykkt var hér á Alþingi fyrir tæpum fjórum árum. Flutningsmenn hennar þá, Katrín Thoroddsen og Hermann Guðmundsson, studdu hana þeim rökum fyrst og fremst, að ávextir hefðu geysimikla þýðingu fyrir heilsuvernd manna, auk þess sem í þeim væri fólgin mætturinn til að vinna bug á margvíslegum sjúkdómum. Það mundi því verða þjóðinni til ómetanlegs gagns að mega neyta þeirra við hóflegu verði allt árið um kring.

Og þessi rök eru enn í fullu gildi. Að minnsta kosti liggja ekki fyrir neinar sannanir um, að þjóðin sé nú orðin svo miklu betri til heilsunnar en hún var fyrir fjórum árum, að hollusta ávaxta eigi ekki lengur erindi til hennar, og hæpið mun cinnig hitt, að af henni sé létt öllum þeim sjúkdómum, sem ávextir gætu læknað.

Hins vegar hefur raunin orðið sú, að ávextir eru eftir sem áður sjaldgæfur munaður á Íslandi. Það dugir ekkert minna en jól til þess að þjóðin fái að bragða nýja ávexti. Hollusta þeirra kemur til hennar einu sinni á ári, ofurlítill glaðningur hátíðlega út deildur í svartasta skammdeginu, og endist, ef nógu sparlega er með farið, frá Þorláksmessu og kannske fram á þrettándann. Til þurrkaðra ávaxta hefur langa lengi ekki spurzt á Íslandi, utan hvað verzlunarfyrirtæki sum auglýsa þessa dagana apríkósúr handa viðskiptavinum sínum í sunnudagsmatinn. Skal koma eitt eða tvö kíló á hverja fjölskyldu, en það mun samsvara góðum diskum á maun, og þykja mikil tíðindi. — Ríkisstjórnin hefur með öðrum orðum ekki sinnt tilmælum Alþingis, er fólust í samþykkt þessarar tillögu fyrir fjórum árum.

Margt fleira væri hægt að færa fram til stuðnings þessu máli, og spyrja þar á meðal, hvernig afsaka megi þá staðreynd, að Íslendingar eru ávaxtalaus þjóð, á meðan flestar aðrar þjóðir, jafnvel þær fátækustu, og ýmsar þeirra búsettar á svipuðum breiddargráðum og við, hafa ráð á að borða margar tegundir ávaxta allt árið um kring. En slíkar málalengingar eru óþarfar. Rökin eru hér ærin þegar og liggja ljóst fyrir. Þeir þingmenn, sem fyrir fjórum árum samþykktu að fela ríkisstjórninni að sjá um nægan innflutning ávaxta, af því að ávextir geta verndað heilsu þjóðarinnar og forðað henni frá margvíslegum sjúkdómum, hljóta eins núna að fylgja slíkri samþykkt og ítreka hana af sömu ástæðum.